

Skýrsla stjórnar

Starf klúbbsins 2020 hófst á vormánuðum með reglulegu viðhaldi á Sifinni og Ynglingnum. Þetta verk féll á fáar hendur að venju og eiga Reynir, Hannes og Óli Bjarna heiðurinn að þessu verki. Við keyptum nýjan utanborðsmótor á Sifina og rafkerfið var yfirfarið. Botninn á bátunum fékk smá hreinsun og blettun, en ekki var farið í að slípa málninguna niður, enda var ný botnmálning sett á árið áður.

Við höfðum væntingar um að sökum takmarkanna í ferðum Íslendinga erlendis vegna Covid, yrði meiri aðsókn í sumarstarf hjá okkur. Það var einnig hugmyndin að leggja aukinn kraft (pening) í að byggja upp sumarnámskeiðin.

Opnunartíminn var því settur frá kl. 13 til 18:30 fjóra til fimm daga í viku. Við opnuðum fyrir tvo æfingarhópa (A og B) sem sigldu frá kl 13 - 16:30 og síðan voru opnar siglingar þar til lokað var. Við fengum styrk frá Kópavogsbæ fyrir þrjá starfsmenn, þjálfara, aðstoðarþjálfara og hafnarvörð. Styrkur Kópavogsbæjar var í formi sumarlauna samkvæmt launaskrá vinnuskólans. Stjórn samþykkti að Ýmir myndi borga viðbótar þóknun til þjálfaranna til þess að fá til okkar fært starfsfólk.

Þjálfarar sumarsins voru Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir og Dagmar.... Hafnarvörður var Kasí Ulfsdóttir.

Innlegg frá þjálfara

Skýrsla um æfingar og opnun Siglingafélagsins Ýmis sumarið 2020

Tilfni: Sumarið 2020 ákvað Kópavogsbær að styrkja starf siglinga í Kópavogi um þrjú stöðugildi í 8 vikur. Stjórn siglingafélagsins ákvað því að halda úti siglingaæfingar fyrir tvo aldurshópa og hafa opnun fyrir félagsmenn 5 eftirmiðdaga í viku. Með því væri hægt að auka aðgengi almennings og ungmenna að siglingum. Starfsemi var á vegum félagsins frá 1. Júní til 20. ágúst og telja má að það hafi tekist mjög vil til þar sem 27 börn og unglingar æfðu siglingar þetta sumar og voru um 350 heimsóknir félagsmanna á opnun á vegum félagsins. Mikil aukning var í þátttöku í keppnum hjá ungmennum hjá félaginu í sumar en samtals kepptu 8 ungmenni á Íslandsmóti kæna og 6 á Lokamóti kæna á Akureyri. Í september óskaði Gunnar Guðmundsson eftir skýrslu um starfið og eftirfarandi þættir yrðu hafðir til hliðsjónar við skýrslugerðina:

- Fjöldi barna á hverju námskeiði.
- Fjöldi og aldur starfsmanna á hverju námskeiði.
- Dagskrá námskeiða.
- Uppgjör námskeiða, þ.e. sundurliðaðar tekjur og gjöld.

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir ofangreindum þáttum en ekki verður hægt að gera grein fyrir rekstraruppgjöri námskeiðanna þar sem uppgjör fjármála fyrir félagið verður ekki gert fyrr en í janúar 2021.

Starfsmenn hjá Ými og Kópavogsbæ voru þrír. Þeir voru eftirfarandi:

Sigríður G. Ólafsdóttir, umsjón og yfirþjálfari (f.1975)

Dagmar Óladóttir, aðstoðmanneskja (f. 1997)

Karin Sigríður Úlfisdóttir, aðstoðarmanneskja (f.2002)

Siglingaæfingar voru tvískiptar. Annars vegar æfingar fyrir börn, 7 - 12 ára (fædd 2013 – 2008). Samtals sóttu 15 börn þessar æfingar, um helmingur var innritaður í hálf tímabilið, þ.e. 5 vikur. Hins vegar voru æfingar fyrir unglinga, 13-16 ára (fædd 2007-2004). Samtals sóttu um 12 ungmenni þessar æfingar, um helmingur æfði allt sumarið en hinn helmingurinn í 5 vikur. Æfingarnar hjá yngri hópnum voru á þriðjudögum, fimmtudögum og laugardögum frá kl. 14:00 - kl. 17:00. En eldri hópurinn var á mánudögum, miðvikudögum og laugardögum frá kl.14-17. Æfingatímabilið var frá 10. júní til 20. ágúst.

Æfingarnar voru skipulagðar fyrir byrjendur og þá sem höfðu einhvern grunn í siglingum. Flestir þátttakendur lærðu að sigla kænnum og fengu fræðslu um hnúta, veðurfræði, náttúrufræði hafsins, siglingafræði og fleira sem tengist siglingum og útivist á sjó. Þegar leið á júlí þá var áherslan að gera þátttakendur keppnishæfa og voru þá sameiginlegar keppnisæfingar með Siglingafélagi Reykjavíkur, Brokey. Í byrjun ágúst var svo Íslandsmót á kænnum þar sem við sendum 5 unglinga og 3 börn í keppni. Eftir Íslandsmótið var áherslan á að kynna siglingar sem ferðamáta. Í lok ágúst var svo haldið lokamót á kænnum á Akureyri og fórum við þangað með 6 keppendur. Í framhaldinu var svo sett á koppinn haustæfingar fyrir börn og unglinga. 8 eru skráðir á þessa æfingar en haustæfingar á kænnum hafa legið lengi niðri hjá félaginu vegna þátttökuleysis. Covid 19 er samt að hamla eins og er því starfi en vonandi verður hægt að fara á sjó sem fyrst.

Telja má að opnun fyrir félagsmenn, á mánudegi til fimmtudags frá kl.17 til 20 og á laugardögum frá 14 til 17, hafi fært mikið líf í siglingamenningu í Kópavoginum. Um 350 heimsóknir voru skráðar í sumar og á góðum dögum voru allir bátar og búnaður félagsins í notkun. Boðið var upp á kynningu og kennslu á kayaka, kænur og kjölbáta en þegar fólk var orðið sjálfbjarga gat það farið sjálft út undir eftirliti starfsmanna.

Í heildina má segja að styrkur Kópavogsbæjar hafi haft úrslitabýðingu í hversu mikið íþrótt-og tólmstundastarf var hægt að halda úti á sjó í sumar. Almennigur í Kópavogi hafði aðgengi að sjósporti og útiveru á sjó ef hann óskaði þess en siglingar eru þess eðlis að það þarf að hafa mikið eftirlit með bátum og fólki úti á sjó, sérstaklega þegar fólk er að taka sín fyrstu skref í íþróttinni.

Stjórn Siglingafélagsins Ýmis er þakklátt fyrir styrk Kópavogsbæjar og óskar eftir frekara samstarfi við bæjaryfirvöld svo að hægt sé að bjóða upp á íþróttaiðkun og útiveru á sjó í framtíðinni.

Virðingarfyllt,

Sigríður G. Ólafsdóttir

Umsjónarmaður sumarstarfs og varaformaður Ýmis.

Til viðbótar voru tveir hópar sem sigldu Sifinni reglulega síðasta sumar. Einn hópur fór flesta fimmtudaga, annar tók bátinn út nokkuð reglulega á laugardögum. Fjórir skráðu sig í kænunámskeið fyrir fullorðna og endurnýjuðu kunnáttu sína eða lærðu nýja hluti. Við fundum áhugasama siglara meðal foreldra barna sem tóku þátt í sumarstarfinu, þannig að það var nokkur gróska í starfinu þegar allt er skoðað.

Félagið keypti nýja kajaka fyrir starfið síðasta sumar. Þessir bátar eru allir sit-on-top bátar, sem koma í stað sit-in kajaka sem voru margir hverjir komnir til ára sinna. Við gáfum þessa báta til annarra siglingafélaga sem eru að reyna að koma undir sig fótunum.

Innlegg kajakdeildar

Vantar

Félagið sá um 3 siglingamót síðasta sumar. Aðalsteinn Jens Loftsson tók alla þessa vinnu á sig, og stóð sig með þrjú, jafnvel þegar veður var ekki við samningaborðið. Alli var án efa starfsmaður ársins og á miklar þakkir skilið fyrir alla þessa vinnu. Ég vill benda á að það er ekki klúbbum til sóma að láta svona mikið starf lenda á einum einstaklingi. Þegar svona gerist er hætt við að fólk brenni út og hætti í klúbbum, nokkuð sem við megum ekki við. Ég veit skömmina upp á mig sjálfan, að hafa ekki komið Alla til aðstoðar þegar mót voru haldin. Ég ætla að reyna að vera meira til taks sjálfur næsta sumar, en ég biðla til annarra í klúbbum að vera einnig tilkippileg í að aðstoða við mótstjórn, jafnvel þó svo að enginn bátur frá Ými taki þátt í mótum. Mótstjórn á Íslandsmótum og öðrum mótum er mikilvægur þáttur í starfsemi klúbbsins, sem við megum ekki sleppa hendinni af næsta sumar. Það er síðan í öðru sæti að við skipuleggjum áhöfn á Sifina sem tekur þátt í þriðjudags keppnum og öðrum keppnum.

Síðasta sumar tók Ýmir lítinn þátt í kjölbátakeppnum, en sumar hópurinn stóð sig vel í virk í kænómótum.

Það ætti öllum að vera ljóst að Covid setti strik í reikninginn hjá okkur síðasta vor og haust, enda var mörgum fermingarveislum og samkomum aflýst. Þetta þýðir tekjumissi á sama tíma og við vorum að auka starfsemi í siglingunum.

Við fengum Guðjón Magnússon tók við að sjá um útleigu og eftirlit með salnum okkar á síðasta ári, en Seinn Ævarsson aðstoðaði hann þegar upp á vantaði. Guðjón og Sveinn hafa sýnt framúrskarandi natni við þetta starf og ég er einstaklega þakklátur þeim fyrir vinnuna.

Innlegg frá húsnefnd

Hér eru nokkrir punktar:

- Leigutekjur af salnum hafa dregist verulega saman vegna Covid-plágunnar.
 - Salurinn er ágætlega bókaður næstu mánuði og vonandi eru bjartari tímar fram undan.
 - Í ljós kom við skoðun eldvarnareftirlitsmanns Kópavogsbæjar sl. haust, að ekkert eldvarnarkerfi var í húsnæði félagsins. Úr þessu hefur verið bætt og eiga nú allar eldvarnir að vera í lagi.
 - Þráðlaust net er komið í húsið. Aðgangur að því er: Kópavogur-Gestir
 - Skipt var um allar ljósaperur í lofti í fundarsal.
 - Settar voru upp festingar fyrir ruslatunnur á vesturhlið hússins. Þær áttu það til að leggjast í ferðalag þegar vindur geisadi.
 - Ekki eru fyrirhugðar kostnaðarfrekar framkvæmdir í húsnæðinu á þessu fjárhagsári.

- Kópavogsbær hefur lánað Skáksambandi Íslands húsið frá og með 29. mars til og með 9. apríl. Á þetta bæði við um salinn og aðstöðuna á jarðhæð.

Með kveðju,
Guðjón

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2021				
	Gjöld		Tekjur	Mismunur
Félagsheimilið	400	1	1.500	1.100
Styrkir			900	900
Kjölbátar	550	2	750	200
Kænustarf og kæjakstarf	2.700	3	400	- 2.300
Félagsgjöld			450	450
Viðhald	400	4		- 400
	4.050		4.000	- 50

Þekktir kostnaðarliðir

Viðgerð á gólfi eldhúsi

Kennsla, viðhald, hífingar, tryggingar

Þjálfarar, keppnisferðir, veitingar

Kænur, viðhald og búnaður þeim tengdur

Athugasemdir formanns varðandi næsta sumar

Að mínu mati stöndum við frammi fyrir erfiðu sumri.

- Við höfum ekki fjárhaldslega burði til þess að fjárfesta í nýjum bátum, ef við ætlum okkur að eiga fyrir viðgerðum ef slys eða skemmdir verða.
- Siglingabúnaður hefur selst mikið í Evrópu, sem þýðir að það getur verið langur biðtími eftir varahlutum og bátum ef okkur áskotnast fjármagn til þess að breyta bátakosti okkar.
- Það er ekki ljóst hvort að við fáum þjálfara sem til er að standa vaktina í sumar eins og síðasta sumar, auk þess sem við verðum að draga úr launakostnaði. Þjálfun gæti því þurft að verða af meira magni í sjálfböðavinnu
- Við verðum að byggja starfsemi okkar á virkni núverandi félaga... Þeir sem eru til í að vinna verkefni í þágu félagsins verða að fá stuðning okkar allra til þess að koma þessum verkefnum í gang. Dæmi um þetta eru
 - Við verðum öll að hjálpast að við mótstjórn í sumar
 - Við verðum að vera tilbúin að aðstoða minna vönnum siglurum að komast út á sjó
 - Við verðum að hugsa um kostnað og tekjur félagsins á sama tíma

Mikilvæg verkefni

- 1) Að finna þjálfara fyrir sumarstarfið
 - Við gætum þurft að sætta okkur við starfsmann sem hefur litla reynslu af þjálfun, sem þýðir að þeir sem kunna að þjálf þurfa að koma til aðstoðar við að setja upp prógramm sem er öruggt og skemmtilegt fyrir þátttakendur.
 - Við munum biðja Kópavogsbæ um fjárfstyrk fyrir starfseminu líkt og síðustu tvö ár, með von um að fá allavega tvo starfsmenn fyrir sumarið.
 - Á sama tíma þurfum við að koma reglulega inn í starfið með því t.d.
 - Að bjóða nýliða velkomna
 - Að mæta með vini og kunningja og ættingja og kynna þau inn í klúbbinn
- 2) Að við verðum samferða Þyt, Brokey og Sigurfara á Akranesi í að þjálf klúbbmeðlimi í öryggis og björgunarmálum. Það er ekkert að því að við tökum þátt í starfi annarra klúbba, þeim mun fleiri sem við þekkjum og eigum samleið með í siglingum, þeim mun sýnilegri verður Ýmir
- 3) Að við höldum áfram með kjölbáta hópa, sem hafa að markmiði að koma Sifinni í meiri notkun en hefur verið. Tillaga er að láta þetta starf kosta,
 - Á síðasta ári var sætis-gjaldið 20 þúsund fyrir sumarið
 - Átta sæti voru seld, og tveir hópar stofnaðir
- 4) Við verðum að hafa samband við þá sem sigldu með okkur síðasta sumar og kalla á þá aftur inn í klúbbinn
 - Fáum þá sem byrjuði að sigla til þess að verða betri
 - Fáu þá sem eru góðir að sigla til þess að fá fleiri inn í klúbbinn
- 5) Við verðum að hlúa vel að róðrar hópnum.
 - Það væri gott að halda kayak (öryggis) námskeið
 - Við gætum haft reglulega róðratíma
- 6) Margir vinnustaðir eru að líta eftir “team activity” eftir að hafa verið lokaðir í vetur. Vinnustaðir eru oft með fjármagn til aflögu til þess að greiða fyrir þetta. Hér er sóknartækifæri fyrir Ými

- Við getum boðið upp á “captain’s chair” samkomu (sigling/róður/sull + grill á eftir í salnum)
 - Hér væri gott að geta reitt sig á að 2-3 félagsmenn komi að samkomunni
 - Hér gæti verið gott að finna fólk sem kann aðeins á siglingar til þess að fá fleiri inn í klúbbinn
 - Við getum boðið upp á stuttar siglingaferðir (Reykjavík/Kópavogur) eða til baka
 - Hér er nauðsynlegt að geta reitt sig á 2 félagsmenn. Þetta þýðir að við gætum haft 4-5 gesti í hverri siglingu.+
- 7) Margir vinnustaðir greiða fólk “heilsustyrk”, t.a.m. þeir borga fyrir sundkort, kort í líkamsæktarstöð eða annað svipað.
- Siglingar og regluleg útivera getur talist inn í þennan heilsustyrk (sem er oft 20-30 þúsund á ári).
 - Getum við sett upp reglulegan kajakróður/siglingar fyrir svona hópa?
- 8) Við erum siglingakúbbur sem á:
- Einn sjófæran kjölbát (lítill, kvikur og kaldur)
 - Þrjú kjölbáta/stærri kænur sem henta fullorðnum (tvíhenttir bátar)
 - Þrjár keppnisfæra lasera sem henta unglíngum/fullorðnum (einhenttir bátar)
 - Tvo topaz báta sem henta börnum/unglíngum (einhenttir, öruggir sull-bátar)
 - Hrógu af Optimist bátum sem henta börnum/unglíngum (einhenttir, ekki skemmtilegir ef þeir fyllast af vatni)
 - Sex til átta kajaka
 - Tvo vélbáta sem henta til eftirlits/öryggisgæslu

Við eigum hins vegar vini og féлага sem eiga kjölbáta. Er ekki mögulegt fyrir okkur að virkja þá sem eru með svona báta, en vantar ef til vill féлага til þess að sigla með? Klúbburinn gæti t.d. lagt til hafnargjöld í skiptum fyrir að fá að sigla með viðkomandi...